

4. Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um, að ekki sé spilt gróðri, dýralífi, mínjum, mannvirkjum né öðrum verðmætum. Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvikjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
 5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
 6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið. Þó tekur þetta ekki til hesta þeirra, sem ferðast um landið, meðan á ferð þeirra stendur.
 7. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
 8. Náttúruverndarráð hefur samráð við Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps um nánari framkvæmd á reglum þessum.
- Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.
- Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.
- Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnaríðindum.

Menntamálaráðuneytið 27. febrúar 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

25. mars 1975.

Nr. 95.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 18. febrúar til 31. maí 1975.

Með skirskotum til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmi tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 18. febrúar til 31. maí 1975:

Vélskelflett rækja.	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24×1	321.30
3. 24×450 gr. sérfryst	321.30
4. 6×2 kg. 5×2 kg. og 4×2 kg. sérfryst	321.30
5. 4×2,5 kg. sérfryst	321.30
6. 2×5 kg. sérfryst	321.30
7. 4×7 kg. sérfryst	321.30
8. 1×25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15×200 gr. sérfryst	326.70
10. Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.